

*Ari Trausti Guðmundsson*  
*Fannafold 132*  
*112 Reykjavík*

## **Gróft og alvarlegt skemmdarverk**

Nýir eigendur að fyrrum vinnustofu listamannsins Guðmundar Einarssonar frá Miðdal við Skólavörðustíg 43, 101 Reykjavík, bera ábyrgð á mjög alvarlegri eyðileggingu á innviðum vinnustofunnar. Hún er sammerk stórfelldu og óbætanlegu tjóni í menningarsögu 20. aldar; frá 4. tug þeirrar aldar.

Allt sem þar var af höfundarverkum Guðmundar og einnig innréttingum sem hann hannaði hefur verið brotið, fjarlægt og hent til eyðingar.

Um er að ræða:

1. Stóra fyrirmynd að silfurbergshvelfingunni í Aðalabyggingu Háskóla Íslands. Hún var um það bil 1,5 x 2 metrar að stærð, ferköntuð með stórum hangandi kambi í miðjunni, alsett dýrmætu, glæru silfurbergi úr Helgustaða- og Hoffellsnáumum með blaðgulli undir þrefaldri röð af silfurbergssteinum neðst á öllum köntum. Í hvelfingunni var sérstök raflögn og lýsing. Öll hvelfingin var alþakin glæru silfurbergi (kalsíti).
2. Rafkyntan ofn eða arinn með hitaelementum uppi við vegg í einu horni vinnustofunnar (í innra rými). Hliðarnar voru úr hitaþolnu steinefni og hluti framhliðar einnig, húðaður með hrafn-tinnumulningi. Mest öll framhliðin var úr hlöðnum silfurbergsmolum - gegnsæ - en á botni arinsins lágu hrafn-tinnumolar, þegar ég síðast vissi. Ofan á arninum var svört glerplata á hitaþolnum steinefnagrunni. Arininn var einstakur í sinni röð.
3. Glerskápar og hillur í fremra rými vinnustofunnar.
4. Í fremra rými vinnustofunnar var langur setbekkur með útsaumum sessum (íslensk forn mynstur, unnin með jurtalituðu íslensku garni).

Öllu silfurberginu var hent.

Rvk. 21. maí 2017

Ari Trausti Guðmundsson

**Serious sabotage**

*In 2017, the owner of Guðmundur's atelier (not in the family of the artist) sold the building to an entrepreneur. Subsequently, the atelier was turned into a shop and the whole interior, under protection according to city regulations and by law, was destroyed. The Iceland spar (clear calcite) constructions, designed by Guðmundur, were demolished and all wooden constructions torn down. The act is considered as a serious blow to the 20th cultural history of Iceland, resulting in a reprimand by the Cultural Heritage Institute (Minjavernd) but not legally pursued.*